

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Ársskýrsla stjórnar og reikningar félagsins
2020-2021



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR -
OG SKRIFSTOFUFÓLKs
AKUREYRI OG NÁGRENNI

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Ársskýrsla stjórnar og reikningar félagsins Aðalfundur mánudaginn 1. mars 2021

Dagskrá

- 1. Fundarsetning**
- 2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár**
- 3. Reikningar félagsins fyrir 2020**
- 4. Stjórnarkjöri lýst**
- 5. Kosningar**
- 6. Framlag í vinnudeilusjóð**
- 7. Fjárfestingarstefna FVSA 2021**
- 8. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs**
- 9. Önnur mál**

Efnisyfirlit

Dagskrá	3
Ársskýrsla stjórnar	6
FVSA fagnaði 90 ára afmæli 2020	8
Fræðsla fyrir 10. bekkinga	9
Kjaramál	9
Fundir stjórnar FVSA	10
Sjúkrasjóður	10
Trúnaðarráð og trúnaðarmenn	11
Þing og ársfundir 2020	12
1. maí hátíðarhöldin	13
Orlofshús og orlofsmál	14
Sjúkrasjóður	15
Starfsmenntasjóður	15
Skrifstofur og þjónusta	16
Ársreikningur 2020	18

Ársskýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Undir starfssvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni flokkast Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Pingeyjarsýslu falla einnig undir starfssvæði þess. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagsgjald FVSA er 1% af öllum launum.

Félagatal og atvinnuleysi félagsmanna

Félagsmenn eru samtals 2.440 og þar af eru 373 lífeyrisþegar. Konur eru 60% af félagsmönnum. Að meðaltali greiddu 250 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum og hlutabótum til félagsins og er það mikil aukning á milli ára, flestir í apríl (660) en fæstir í janúar (74).

Helstu styrkir úr félagssjóði

Mæðrastyrksnefnd Akureyrar – 1.000.000 kr.

Jólaaðstoð – 500.000 kr.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis – 1.000.000 kr.

Iðnaðarsafnið – 150.000 kr.

Kvennaathvarf Akureyrar – 1.000.000 kr.

Aðrir styrkir – 5000 kr.

Uppstillingarnefnd 2020-2021

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Anna María Elíasdóttir og Elín Anna Guðmundsdóttir.

Félagslegir skoðunarmenn 2020-2021

Aðalmenn: Einar Hjartarson og Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir.

Varamenn: Margrét Brynjólfsdóttir og Steinunn Hulda Marteinsdóttir.

Kjörstjórn 2020-2021:

Bergþóra Jóhannsdóttir, Helga Eymundsdóttir og Eydís Bjarnadóttir.

Til vara: Jónas Þór Sveinsson og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

Fulltrúar frá félaginu í stjórnnum

Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, stjórn SVS, og varamaður í UNI Europa Commerce Steering Committee.

Jón G. Rögnvaldsson í stjórn orlofsbyggðar á Illugastöðum.

Halldór Óli Kjartansson í stjórn Símey.

Eydís Bjarnadóttir aðalmaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Hulda Björnsdóttir í stjórn ASÍ-UNG og varamaður í miðstjórn ASÍ

Stjórn FVSA 2020 – 2021

Eiður Stefánsson – Formaður

Anna María Elíasdóttir – Varaformaður

Anna Kristín Árnadóttir – Ritari

Jón Grétar Rögnvaldsson – Gjaldkeri

Halldór Óli Kjartansson – Meðstjórnandi

Varamenn: Agnes Reykdal, Hulda Björnsdóttir og Stefán Jónsson.

Afmælisnefnd FVSA

Elín Anna Guðmundsdóttir, Arnbjörg Jónsdóttir og Eiður Stefánsson.

Ritnefnd um ritun sögu félagsins

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Páll H. Jónsson, Kristín Þorgilsdóttir og Erla Halls.

Bragi V. Bergmann er faglegur ráðgjafi ritnefndar.



Stjórn FVSA 2020-2021. Frá vinstri; Hulda Björnsdóttir, Stefán Jónsson, Agnes Reykdal, Eiður Stefánsson, Anna Kristín Árnadóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Anna María Elíasdóttir og Halldór Óli Kjartansson.

FVSA fagnaði 90 ára afmæli 2020

Félagið fagnaði 90 ára afmæli sínu 2. nóvember sl. Í upphafi árs 2020 hafði afmælisnefndin margar hugmyndir og háleit markmið um hvernig skildi fagna afmæli félagsins. Árið byrjaði vel og ákveðið var að halda upp á afmælið allt árið með ýmsum hætti. Byrjað var á því að gefa út dagatal og því dreift á hvert heimili í upphafi árs, síðan var boðið í leikhús, 240 sæti á leiksýninguna Djáknann á Myrká, sem sýnd var í Samkomuhúsinu þann 23. febrúar 2020. Já þetta var í upphafi árs og svo kom kórónuveiran og allir þekkja þá sögu, kórónuveiran gerði lítið úr háleitum markmiðum afmælisnefndarinnar og ekki var í boði að halda veislu eða aðrar þær samkomur sem félagsmenn gætu komið saman vegna samkomutakmarkana en á sjálfu afmælinu máttu að hámarki koma saman 10 manns. Þá kom upp sú hugmynd að setja upp 90 ára afmælissýningu FVSA á Glerártorgi. Sýningin var opin í þrjár vikur, svipmyndum úr sögu félagsins var varpað upp í máli og myndum. Að auki voru ýmsir munir frá lðnaðarsafninu til sýnis sem lýsa tíðaranda og þeim breytingum sem hafa orðið í starfsumhverfi félagsmanna síðastliðin 90 ár. Sýningin var hönnuð af Blek hönnunarstofu á Akureyri.

90 ára afmælissýning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var opnuð með formlegum hætti 30. október 2020. Tveir öflugir félagsmenn FVSA klipptu á borða á sýningarsvæðinu; þær Karen Hrönn Eyvindsdóttir, starfsmaður Nettó og Hulda Björnsdóttir, starfsmaður Tölvulistans, Kúnígúnd og Heimilistækja. Hægt var að taka þátt í spurningaleik sem tengdist sýningunni. Veglegir vinningar voru í boði, alls bárust 47 svör og vinningshafar voru Brynja Björk Pálsdóttir og Haraldur Hauksson.



Félagsmenn opna afmælissýninguna á Glerártorgi



Afmælissýning FVSA á Glerártorgi. Myndir: Daniel Starrason



Fræðsla fyrir 10. bekkina

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni stóð fyrir fræðslu í grunnskólum Akureyrar og nágrennasveitarfélögum fyrir nemendur í 10. bekk. Fræðslan var um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Vegna Covid-19 fór fræðslan fram í fjarfundi gegnum Teams og voru nemendur ýmist í skólanum eða heima hjá sér að fylgjast með. Eydís Bjarnadóttir starfsmaður félagsins sá um fræðsluna. Fræðslunni var vel tekið og krakkarnir voru einkar áhugasamir um málefnið og einhverjar spurningar vöknudu. Skólarnir á Akureyri sem fengu fræðslu núna voru Brekkuskóli, Glerárskóli, Oddeyrarskóli, Síðuskóli, Naustaskóli og Lundarskóli. Skipulagið á fræðslunni var í höndum forvarnaráðgjafanna sem halda utan um félagsstarf fyrir unglunga í Rósenborg.



Fjarfundur um kjaramál með nemendum Síðuskóla

Kjaramál

Við uppgang og útbreiðslu Covid-19 um heim allan, hefur staðan og horfur í efnahagsmálum versnað mikið á Íslandi. Það á sérstaklega við um ferðaþjónustuna og veitingageirann. Íslenskir skattgreiðendur hafa lagst á árarar með fyrirtækjum sem hafa farið illa út úr þessu ástandi, en því ber að fagna að rekstur meirihluta fyrirtækja á landinu virðist ganga vel.

Í aðdraganda kjarasamningagerðar aðildarféлага ASÍ og SA, sem gerðir voru vorið 2019 undir heitinu lífskjarasamningar, voru blikur á lofti í ferðaþjónustu- og flugbransanum. Þegar samningaviðræður stóðu sem hæst þá var það öllum ljóst sem við samningaborðið sátu að árin 2019 og 2020 yrðu slæm ár fyrir ferðaþjónustuna, fyrir því væru margþættar ástæður sem erfitt væri að mæta með einföldum aðgerðum. Til að bæta gráu ofan á svart varð WOW Air gjaldþrota og sú staða bættist inn í myndina og hafði eðli málsins samkvæmt mikil áhrif á samningagerðina. Báðum samningsaðilum varð það ljóst að nauðsynlega þyrfti að gera hóflega kjarasamninga með sérstaka áherslu á kjarabætur til tekjulágs launafólks og stuðla að vaxtalækkun sem gagnast heimilunum og atvinnulífinu einkar vel. Þar sem samningsaðilar voru sammála um að launahækkunir á samningstímanum væru hófstiltar var settur inn hagvaxtarauki til að tryggja hlut launamanna í verðmætasköpun þjóðarinnar. Eins og málin hafa þróast þá eru ekki miklar líkur á að hagvaxtarauki komi til með að hækka laun á samningstímanum og því ljóst að krónutöluhækkun verði eina hækkunin sem komi til með að hækka laun.

Lífskjarasamningurinn var til endurskoðunar og töldu Samtök atvinnulífsins forsendur samningsins brostnar og vildu að verkalýðshreyfingin aðlagi hann að breyttri stöðu efnahagsmála. SA lagði til nokkrar tillögur fyrir verkalýðshreyfinguna til að koma til móts við fyrirtækin svo að lífskjarasamningi verði ekki rift, en þessar tillögur fela í sér frestun umsamdra launahækkana og lengingu samningstímans sem því nemur, tímabundinni lækkun á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð, eða tímabundinni frestun á endurskoðun kjarasamninganna. Það var ljóst að ekki var áhugi hjá stéttarfélögum að falla frá umsömdum launahækkunum eða fresta endurskoðun á kjarasamningum. SA menn fóru mikinn í fjölmiðlum með áróður um hversu miklu tjóni og atvinnuleysi þessi fyrirhugaða launahækkun muni valda og notuðu þessa stöðu til að pressa á ríkisstjórn Íslands til að koma með frekari aðgerðir til stuðnings fyrirtækjum og um leið og loforðapakinn frá ríkisstjórn var tilbúin tilkynntu SA að þeir ætli ekki að segja upp lífskjarasamningunum. Þar með var talið að friður væri kominn á varðandi hækkun launa í janúar, en friðurinn varði ekki lengi og SA

menn byrjuðu aftur með sinn áróðurspakka, þeir eru á því að hækkun launa um 24.000 kr. á dagvinnulaun afgreiðslufólks sem eru fyrir hækkun 311.408 kr. og fara þá í 335.408 kr. muni endanlega rústa fyrirtækjum sem eftir eru, það hefur alltaf verið mitt álit að fyrirtæki sem ekki hafa efni á að greiða þessi laun sem duga vart fyrir framfærslu eru órekstrarhæf.

Efndir ríkisstjórnar Íslands á lífskjarasamningunum hafa verið ágætar, um áramótin urðu breytingar, tekjuskattur lækkaði og skilar lækkunin sér mest til þeirra sem minnst hafa. Fæðingarorlof lengdist í tólf mánuði og því ber að fagna. En því miður eru nokkur atriði sem ekki hafa náðst fram hjá ríkisstjórn Íslands er varðar stuðning stjórnvalda við lífskjarasamninginn og þar má nefna markviss skref til afnáms verðtryggingar stefnumótun, samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins varðandi brotastarfsemi á vinnumarkaði og lög um féviti.

Fundir stjórnar FVSA

Á fyrsta fundi stjórnar FVSA eftir aðalfund 2020 var verkaskipting stjórnarinnar fyrst á dagskrá og niðurstaðan varð sem hér segir:

Varaformaður: Anna María Elíasdóttir

Gjaldkeri: Jón G. Rögnvaldsson

Ritari: Anna Kristín Árnadóttir

Meðstjórnandi: Halldór Óli Kjartansson.

Samþykkt var að varastjórn skyldi sitja fundi stjórnar.

Varamenn: Agnes Reykdal, Hulda Björnsdóttir og Stefán Jónsson.

Alls voru haldnir ellefu fundir í stjórn FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.

Sjúkrasjóður

Stjórnin hélt fjóra fundi á starfsárinu. Í stjórn eru: Eiður Stefánsson, Svanfríður Sigurðardóttir, Hafdís Pálsdóttir, Guðmundur L. Helgason og Þórdís Bjarnadóttir.

Til vara eru þær Kristín Þorgilsdóttir, Katrín Guðrún Pálsdóttir, Margrét Brynjólfsdóttir.



Stjórn Sjúkrasjóðs, frá vinstri; Svanfríður Sigurðardóttir, Hafdís Pálsdóttir, Guðmundur L. Helgason og Þórdís Bjarnadóttir.

Trúnaðarráð og trúnaðarmenn

Kórónuveiran kom í veg fyrir að félagið næði að senda trúnaðarmenn á trúnaðarmannanámsskeið þetta árið. Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Átta félagsmenn og fjórir til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi. Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA en fundargerðir má sjá á heimasíðu félagsins.

Aðalmenn í trúnaðarráði 2020 /2021	Til vara
Agnes Reykdal	Anna Hafdís Jóhannesdóttir
Anna Kristín Árnadóttir	Bergþóra Jóhannsdóttir
Anna María Elíasdóttir	Eva Ósk Hafdísardóttir
Anna Petra Lindberg	Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen
Bára Waag Rúnarsdóttir	Katrín Guðrún Pálsdóttir
Elín Anna Guðmundsdóttir	Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir
Eiður Stefánsson	Kristín Hjaltalín
Erla Bjarnadóttir	Margrét Pálsdóttir
Gestur Gunnar Björnsson	Ragna Ósk Ragnarsdóttir
Halldór Óli Kjartansson	
Hallveig Stefánsdóttir	
Heimir Geirdal	
Helga Eymundsdóttir	
Hulda Björnsdóttir	
Ingvar Gunnarsson	
Jón Grétar Rögnvaldsson	
Jón Haraldur Lárusson	
Margrét Júlía Óladóttir	
María Ingunn Tryggvadóttir	
Sigurbjörg Gunnólfsdóttir	
Stefán Jónsson	

Þing og ársfundir 2020

Aðalfundur FVSA 2020

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 24. febrúar sl. Mæting á fundinn var mjög góð og félagsmenn gæddu sér á léttum veitingum meðan þeir gerðu upp starfsemi félagsins á nýliðnu ári. Halldór Óli Kjartansson var kosinn fundarstjóri og setti fundinn. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, tók því næst til máls þar sem hann fór yfir kjaramálin og ársskýrslu stjórnar. Farið var lauslega yfir alla viðburði og verkefni félagsins á síðasta ári en ársskýrsluna má nálgast í heild sinni á heimasíðu FVSA. Hermann Brynjarsson, endurskoðandi, fór yfir ársreikninga félagsins 2019



Frá aðalfundi FVSA

og að því loknu var stjórnarkjóri lýst. Arnbjörg Jónsdóttir, sem sat í varastjórn félagsins á síðasta ári, kom og sagði fundargestum frá ferð sinni til Palestínu með ASÍ í október sl. Frásögn hennar af ferðinni og ástandinu í Palestínu var sláandi og virkilega fróðleg. Signýju Sigurðardóttur var sérstaklega þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins en hún hefur setið í stjórnnum og ráðum félagsins í 18 ár. Signý fór fyrst að vinna fyrir félagið árið 2002 þegar hún var kjörin trúnaðarmaður í Nettó. Þá var hún varamaður í trúnaðarráði frá árinu 2006 og varamaður í stjórn sjúkrasjóðs til ársins 2015, þegar hún kom inn sem aðalmaður í stjórn sjúkrasjóðs.

Öllum félagsfundum og fulltrúaráðsfundi Alþýðusambands Norðurlands var frestað þetta starfsárið.

44.þing ASÍ

Á 44. þingi Alþýðusambands Íslands sem var haldið þann 21. október sl. í 300 manna fjarfundi var samþykkt að breyta lögum sambandsins þannig að varaforsetum verði fjölgað úr tveimur í þrjá. Lagabreytingartillagan var samþykkt með naumum mun eftir fjörugar umræður. Í kosningu um þetta nýja embætti var aðeins Ragnar Þór Ingólfsson í framboði og var hann því sjálfkjörinn. Ekki bárust nein mótframboð um embætti forseta ASÍ, 1. varaforseta né 2. varaforseta og eru Drífa Snædal, Kristján Þórður Snæbjarnarson og Sólveig Anna Jónsdóttir því sjálfkjörin í þau embætti. Þá voru 11 einstaklingar sem kjörnefnd gerði tillögu um til setu í miðstjórn sjálfkjörin þar sem engin mótframboð bárust. 44. þingi ASÍ var svo frestað til 11. maí 2021. Eiður Stefánsson var kjörinn sem aðalmaður í miðstjórn ASÍ fyrir LÍV/FVSA og Hulda Björnsdóttir var kjörin varamaður í miðstjórn fyrir LÍV/FVSA, það er gaman að segja frá því að þetta er í fyrsta skipti sem FVSA á bæði aðalmann og varamann í miðstjón. Þingfulltrúar FVSA á 44. þingi ASÍ voru Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Agnes Reykdal og Hulda Björnsdóttir en hún hefur seturétt á þingi ASÍ þar sem hún er í stjórn ASÍ-UNG.



Þingfulltrúar FVSA á þingi ASÍ

Þing ASÍ-UNG

Á 6. þingi ASÍ-UNG sem haldið var föstudaginn 11. september var kjörin ný stjórn. Vegna samkomutakmarkana var ákveðið að hafa þingið rafrænt og fresta allri málefnavinnu fram á veturinn. Öll aðildarfélög ASÍ geta sent fulltrúa, einn aðalmann, einn varamann og aukafulltrúa á þingið, ásamt því hefur fráfarandi stjórn rétt til setu. Þingið sátu alls 30 fulltrúar, ásamt 8 starfsmönnum ASÍ og einum gesti. Fundarstjóri var Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ og fundarritari Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ. Fulltrúar frá FVSA á þessu þingi voru Halldór Óli Kjartansson, Margrét Júlía Óladóttir og Hulda Björnsdóttir. Margrét Júlía var í stjórn ASÍ-UNG, en gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. FVSA þakkar Margréti fyrir hennar vinnu fyrir félagið. Hulda Björnsdóttir bauð sig fram í stjórn ASÍ-UNG og var kjörin og er FVSA afar þakklátt fyrir þann áhuga sem okkar unga fólk sýnir félagsmálun innan hreyfingarinnar.

Ársfundur Stapa.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn þriðjudaginn 24. júní í Menningarhúsinu Hofi. FVSA auglýsti eftir félagsmönnum sem greiða í Stapa til að vera fulltrúar félagsins en því miður var ekki mikill áhugi á að mæta til ársfundar og hafa áhrif á sín mál. Fulltrúar félagsins voru Gylfi Pálsson, Magnús V. Snædal og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson. Sömu fulltrúar mættu einnig á fulltrúaráðsfund Stapa sem var haldinn í fjarfundi 24. nóvember.

Starfsdagur trúnaðarmanna 2021

Starfsdegi trúnaðarmanna var frestað fram á haustið 2021, en trúnaðarmenn kusu átta aðalmenn og fjóra varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2021-2022.

Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum 2021-2022

Aðalmenn	Til vara
Anna Hafdís Jóhannesdóttir	Bára Waag Rúnarsdóttir
Erla Bjarnadóttir	Elín Anna Guðmundsdóttir
Gestur Gunnar Björnsson	Halldór Frosti Friðvinsson
Gunnar Berg Aðalgeirsson	María Ingunn Tryggvadóttir
H. Heimir Geirdal Jónasson	
Hallveig Stefánsdóttir	
Jón Haraldur Lárusson	
Anna Petra L. Torbjörnsdóttir	

1. maí hátíðarhöldin

Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu var ekki hægt að bjóða upp á hefðbundnar hátíðarsamkomur þann 1. maí sl. og því ákveðið að stéttarfélagin við Eyjafjörð stæðu fyrir dagskrá á N4. Rætt var við fulltrúa stéttarfélaganna um starfsemi stéttarféлага og baráttumál þeirra, þá steig norðlenskt tónlistarfólk á stökk. Þátturinn var frumsýndur á N4 þann 1. maí.

Orlofshús og orlofsmál

Orlofshúsin á Illugastöðum og íbúðir í Reykjavík voru lokað vegna Covid-19 frá 20. apríl til 4. maí og bústaðum á Illugastöðum aftur lokað í nóvember. Mikið var um afbókanir á orlofshúsum og íbúðum á árinu vegna ástandsins og leiga endurgreidd fyrir c.a. 3,8 milljónir.

Engar breytingar voru á framboði orlofshúsa milli ára. Félagið á sex íbúðir í Reykjavík og ein af þeim er leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum og eitt hús í Vaglaskógi. Sumarið 2020 var félagið með á leigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd og á Einarstöðum á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Viðhaldsverkefni voru að þessu sinni aðallega í íbúðum í Reykjavík þar sem skipt var út gardínum og málað.

Alls voru íbúðir og sumarhús hjá félaginu leigð út 476 sinnum á árinu 2020, en 649 á árinu 2019. Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 301 sinni á árinu meðan bústaðir á Illugastöðum og í Skógarseli voru leigðir út 140 sinnum og leigubústaðir 32 sinnum. Aðsókn í gistimiða jókst aftur á árinu 2020 og að sama skapi dróst saman í niðurgreiddum flugmiðum en FVSA greiðir flugmiða niður um 3000 kr. Á árinu voru 100 orlofsstyrkir í boði (eða vika að eigin vali) að upphæð 26.000 kr. og útilegukortin voru 25.

	2019	2020
Mánatún	461	301
Skógarsel og Illugastaðir	161	140
Leigubústaðir	27	32
Leiga alls	649	476

	2019	2020
Vika að eigin vali og útilegukort	2.647.966 kr.	2.085.601 kr.
Gistimiðar	249.200 kr.	362.100 kr.
Flugmiðar	1.125.000 kr.	684.000 kr.

Búið er að opna fyrir umsóknir í sumarleigu 2021. Umsóknarfrestur um orlofshús, útilegukort og viku að eigin vali fyrir sumarleigu 2021 er til 24. mars. Sumarleiga orlofshúsa er frá 2. júní til 20. ágúst 2021 en umsækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 12. apríl 2021. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2021 og vetrarleigu 2021 til maí loka 2022 á félagavef þann 14. apríl kl. 12:00.

Framkvæmdir

Fyrir utan hefðbundið viðhald var farið í framkvæmdir í Mánatúni 3 og 5, þar var skipt út stólum og gardínum, nokkrir veggir málaðir og rúm endurnýjuð. Í húsi númer 19 á Illugastöðum var skipt út tveimur útihurðum.




Sjúkrasjóður

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2020 voru 52.476.479 kr. sem er rétt um 4% aukning á milli ára. Samtals voru greiddir 184 mánuðir í sjúkradagpeninga til 66 einstaklinga. 68% þeirra sem fengu greidda sjúkradagpeninga eru konur og 33 % eru þrítugir og yngri. Á árinu 2020 voru greiddir styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði að upphæð 22.029.602 kr. Þetta voru 1297 styrkir til 786 félagsmanna.

	2019	2020	Mismunur
Dánarbætur	300.000 kr.	0	- 300.000 kr.
Gler	1.410.131 kr.	2.026.671 kr	616.540 kr.
Krabbameinslei	941.259 kr	615.874 kr	-325.385 kr.
Heyrnartæki	50.000 kr.	125.000 kr	75.000 kr.
Laseraðgerðir	513.401 kr	228.000 kr.	-285.401 kr.
Líkamsrækt	14.386.925 kr.	10.756.027 kr.	-3.630.898 kr.
Nudd utan TR	379.196 kr.	213.506 kr.	-165.690 kr.
Sálfræðiþjónusta	1.774.620 kr.	1.682.905 kr	-91.715 kr.
Glasa-/tæknifrjógungun	220.000 kr.	378.535 kr.	158.535 kr.
Sjúkranudd/hnykk utan TR	1.026.037 kr	997.096 kr.	-28.941 kr.
Sjúkraþjálfun	4.087.859 kr.	4.945.988 kr.	858.129 kr.
Aðrir styrkir	70.000 kr	60.000 kr.	- 10.000 kr
Samtals	25.159.428 kr	22.029.602 kr	-3.129.826 kr.

Starfsmenntasjóður

361 félagsmaður FVSA fékk greidda starfsmenntastyrki á árinu 2020 að upphæð 29.236.198 kr. og er þetta svipað og á árinu 2019.



Skrifstofur og þjónusta

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 8.00-16.00 og föstudaga frá 8.00-13.00. Aðalskrifstofa Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er á Akureyri. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,5 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%. Almenn starfssemi var hefðbundin á árinu, félagsmenn hafa verið duglegir að nýta tæknina til samskipta við skrifstofu félagsins og fá aðstoð varðandi kaup og kjör á tímum Covid-19. Félagsmenn nýta sér vel þá þjónustu og það framboð sem félagið býður upp á í orlofshúsum, íbúðum í Reykjavík, gistimiðum og inneignarbréfum í flug. Það er markmið stjórnar FVSA og starfsmanna að veita félagsmönnum okkar góða þjónustu. Snæbjörn Sigurðarson er nýr starfsmaður, hann var ráðinn til eins árs í tilraunaverkefni á vegum Virk endurhæfingu og byrjaði hann hjá FVSA í 80% stöðu þann 1. mars 2020 sem atvinnulífstengill. Nú er komið í ljós að Snæbjörn gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa sem atvinnulífstengill og þökkum við Snæbirni fyrir samstarfið. Helga K Thorarensen var ráðin í 50% tímabundið starf í 3 mánuði, Helga var að vinna að ýmsum verkefnum sem tengdust útgáfu á bók félagsins og þökkum við Helgu fyrir samstarfið.



Starfsmenn: Eiður Stefánsson formaður, Kristín Þorgilsdóttir skrifstofustjóri, Eydis Bjarnadóttir þjónustufulltrúi, Helgi Sveinbjörn Jóhannsson afgreiðslu- og fræðslufulltrúi, Helga K Thorarensen og Snæbjörn Sigurðarson atvinnulífstengill hjá VIRK.

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	19
Áritun óháðs endurskoðanda	20-21
Áritun skoðunarmanna	22
Yfirlit um rekstarafkomu og efnahag	23
Rekstrarreikningur Félagssjóðs	24
Efnahagsreikningur Félagssjóðs	25
Rekstrarreikningur Sjúkrasjóðs	26
Efnahagsreikningur Sjúkrasjóðs	27
Rekstrarreikningur Orlofssjóðs	28
Efnahagsreikningur Orlofssjóðs	29
Rekstrarreikningur Vinnudeilusjóðs	30
Efnahagsreikningur Vinnudeilusjóðs	30
Samandreginn rekstrarreikningur	31
Samandreginn efnahagsreikningur	32
Sjóðsstreymi	33
Skýringar og sundurliðanir	34-39

Skýrsla stjórnar

Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.440 talsins, þar af voru 373 ekki gjaldskyldir. Konur eru 60% af félagsmönnum og karlar 40%.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2020 kr. 10,8 mkr. og laun stjórnar kr. 2,6 mkr.

Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 21,2 mkr. og eigið fé í árslok nam 699,9 mkr.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020.

Akureyri, 22. febrúar 2021

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Ólafur Steinarsson
Anna María Ólafsdóttir
Anna Kristín Arnadóttir
Jón G. Þógnvaldsson
Þórunn Þórunn

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 26. febrúar 2021

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson

lögiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið reikninga Félags verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri og nágrenni reikningsárið 2020.

Við höfum ekkert við þá að athuga og leggjum til að þeir verði samþykktir.

Akureyri, 22. febrúar 2021

Einar Hjartarson



Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir



Yfirlit um rekstrarafkomu 2020

	2020	2019
Rekstrarhagnaður (-tap) ársins		
Félagssjóður	27.734.707	20.944.529
Sjúkrasjóður	(5.566.512)	(6.086.226)
Orlofssjóður	(17.329.727)	(12.845.798)
Vinnudeilusjóður	3.000.000	3.000.000
	<u>7.838.468</u>	<u>5.012.505</u>
Hagnaður (-tap) ársins		
Félagssjóður	6.915.452	5.764.178
Sjúkrasjóður	373.461	(614.000)
Orlofssjóður	258.164	622.541
Vinnudeilusjóður	13.686.101	13.370.050
	<u>21.233.178</u>	<u>19.142.769</u>

Yfirlit um efnahag 31. desember 2020

	31.12.2020	31.12.2019
Eignir		
Félagssjóður	596.141.490	578.159.204
Sjúkrasjóður	176.763.175	176.389.714
Orlofssjóður	160.997.339	167.071.627
Vinnudeilusjóður	276.040.453	262.354.352
Kröfur milli sjóða	(504.521.552)	(496.985.062)
	<u>705.420.905</u>	<u>686.989.835</u>
Eigið fé		
Félagssjóður	153.660.224	146.744.772
Sjúkrasjóður	176.763.175	176.389.714
Orlofssjóður	93.390.718	93.277.203
Vinnudeilusjóður	276.040.453	262.354.352
	<u>699.854.570</u>	<u>678.766.041</u>
Skuldir		
Félagssjóður	442.481.266	431.414.432
Orlofssjóður	67.606.621	73.794.424
Kröfur milli sjóða	(504.521.552)	(496.985.062)
	<u>5.566.335</u>	<u>8.223.794</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>705.420.905</u>	<u>686.989.835</u>

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		91.353.946	90.020.485
Aðrar tekjur	2	27.314.318	28.932.753
		118.668.264	118.953.238
Rekstrargjöld			
Skattgreiðslur	3	16.141.890	16.668.459
Laun og launatengd gjöld	4	42.902.774	39.328.509
Annar rekstrarkostnaður	5	33.356.576	34.836.633
Tillög og styrkir	6	6.498.030	5.300.089
Endurgreiddur útlagður kostnaður		(12.403.906)	(2.860.172)
Afskriftir	12	4.438.193	4.735.191
		90.933.557	98.008.709
Rekstrarhagnaður		27.734.707	20.944.529
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa		15.514.378	16.463.747
Vaxtagjöld og verðbætur		(16.333.633)	(15.644.098)
		(819.255)	819.649
Hagnaður af reglulegri starfsemi		26.915.452	21.764.178
Aðrar tekjur (gjöld)			
Framlag í orlofssjóð		(20.000.000)	(16.000.000)
Hagnaður ársins		6.915.452	5.764.178

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
	12		
Fasteignir		124.697.362	127.610.497
Áhöld og innréttingar		2.971.208	3.848.659
		127.668.570	131.459.156
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	10	588.398	620.288
Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar		121.742.923	117.959.849
		122.331.321	118.580.137
Fastafjármunir samtals		249.999.891	250.039.293
Veltufjármunir			
Orlofssjóður		67.606.621	73.794.424
Útistandandi iðgjöld	11	8.950.213	9.575.114
Aðrar skammtímakröfur		2.350.048	4.001.824
Handbært fé		267.234.717	240.748.549
		346.141.599	328.119.911
Eignir samtals		596.141.490	578.159.204
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	13		
Hrein eign		153.660.224	146.744.772
Skammtímaskuldir			
Vinnudeilusjóður		276.040.453	262.354.352
Sjúkrasjóður		160.874.478	160.836.286
Aðrar skammtímaskuldir		5.566.335	8.223.794
		442.481.266	431.414.432
Eigið fé og skuldir samtals		596.141.490	578.159.204

Rekstrarreikningur ársins 2020

		<u>2020</u>	<u>2019</u>
Rekstrartekjur	Skýringar		
Iðgjöld		84.187.714	87.333.574
Rekstrargjöld			
Dagpeningar og styrkir	7	74.481.891	75.665.917
Annar rekstrarkostnaður	8	2.386.380	3.832.992
Framlag til reksturs skrifstofu		12.624.087	13.659.023
Afskriftir	12	261.868	261.868
		<u>89.754.226</u>	<u>93.419.800</u>
Rekstartap		(5.566.512)	(6.086.226)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		5.939.973	5.472.226
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>373.461</u></u>	<u><u>(614.000)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12		
Fasteignir		7.118.918	7.380.786
		<u>7.118.918</u>	<u>7.380.786</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld	11	8.769.779	8.172.642
Félagssjóður		160.874.478	160.836.286
		<u>169.644.257</u>	<u>169.008.928</u>
Eignir samtals		<u><u>176.763.175</u></u>	<u><u>176.389.714</u></u>
Eigið fé	13		
Hrein eign		176.763.175	176.389.714
Eigið fé samtals		<u><u>176.763.175</u></u>	<u><u>176.389.714</u></u>

Orlofssjóður

Rekstrarreikningur ársins 2020

		<u>2020</u>	<u>2019</u>
Rekstrartekjur	Skýringar		
Íðgjöld		21.144.812	21.752.330
Leigutekjur orlofshúsa		10.963.750	14.994.500
		<u>32.108.562</u>	<u>36.746.830</u>
Rekstrargjöld			
Annar rekstrarkostnaður	9	31.544.004	30.885.614
Framlag til reksturs skrifstofu		10.459.507	11.363.065
Afskriftir	12	7.434.778	7.343.949
		<u>49.438.289</u>	<u>49.592.628</u>
Rekstartap		(17.329.727)	(12.845.798)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		74.460	51.324
Vaxtagjöld og verðbætur		(2.486.569)	(2.582.985)
		<u>(2.412.109)</u>	<u>(2.531.661)</u>
Tap af reglulegri starfsemi		(19.741.836)	(15.377.459)
Aðrar tekjur (gjöld)			
Framlag úr félagssjóði		20.000.000	16.000.000
Hagnaður ársins		<u>258.164</u>	<u>622.541</u>

Orlofssjóður

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12		
Fasteignir		149.072.330	156.117.787
Áhöld og innréttingar		2.165.729	1.274.202
		<u>151.238.059</u>	<u>157.391.989</u>
Aðrar eignir:			
Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum		7.566.882	7.711.531
Fastafjármunir samtals		158.804.941	165.103.520
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld	11	2.192.398	1.968.107
Eignir samtals		<u>160.997.339</u>	<u>167.071.627</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	13	93.390.718	93.277.203
Skammtímaskuldir			
Félagssjóður		67.606.621	73.794.424
Eigið fé og skuldir samtals		<u>160.997.339</u>	<u>167.071.627</u>

Vinnudeilusjóður

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Rekstrartekjur			
Tillag úr félagssjóði		3.000.000	3.000.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		10.686.101	10.370.050
Hagnaður ársins		<u>13.686.101</u>	<u>13.370.050</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

		<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
Eignir			
Veltufjármunir			
Félagssjóður		276.040.453	262.354.352
Eignir samtals		<u>276.040.453</u>	<u>262.354.352</u>
Eigið fé	13		
Hrein eign		276.040.453	262.354.352
Eigið fé samtals		<u>276.040.453</u>	<u>262.354.352</u>

Samandreginn rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur ársins 2020

		<u>2020</u>	<u>2019</u>
Rekstrartekjur	Skýringar		
lðgjöld		196.686.472	199.106.389
Húsaleiga		10.963.750	14.994.500
Aðrar tekjur		1.183.724	1.207.065
		<u>208.833.946</u>	<u>215.307.954</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		42.902.774	39.328.509
Dagpen., orlofsferðir, námsstyrkir ofl.v/félagsm.		77.251.492	79.877.983
Rekstur og viðhald fasteigna		25.810.995	24.387.077
Annar kostnaður		55.299.284	57.221.044
Endurgreiddur útlagður kostnaður		(12.403.906)	(2.860.172)
Afskriftir	12	12.134.839	12.341.008
		<u>200.995.478</u>	<u>210.295.449</u>
Rekstrarhagnaður		7.838.468	5.012.505
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa		13.394.710	14.130.264
Hagnaður ársins		<u>21.233.178</u>	<u>19.142.769</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12		
Fasteignir		280.888.610	291.109.070
Innréttingar og búnaður		5.136.937	5.122.861
		<u>286.025.547</u>	<u>296.231.931</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	10	588.398	620.288
Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar		121.742.923	117.959.849
		<u>122.331.321</u>	<u>118.580.137</u>
Aðrar eignir:			
Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum		7.566.882	7.711.531
Fastafjármunir samtals		415.923.750	422.523.599
Veltufjármunir			
Ýmsar skammtímakröfur		2.350.048	4.001.824
Útistandandi iðgjöld	11	19.912.390	19.715.863
Handbært fé		267.234.717	240.748.549
		<u>289.497.155</u>	<u>264.466.236</u>
Eignir samtals		705.420.905	686.989.835
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	13	699.854.570	697.908.810
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		5.566.335	8.223.794
Eigið fé og skuldir samtals		705.420.905	706.132.604

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		21.233.178	19.142.769
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi frá rekstri:			
Afskriftir	12	12.134.839	12.341.008
		33.368.017	31.483.777
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:			
Skammtímakröfur		1.455.249	4.215.245
Skammtímaskuldir		(2.657.459)	(1.529.375)
		(1.202.210)	2.685.870
Handbært fé frá rekstri		32.165.807	34.169.647
Fjárfestingahreyfingar			
Breyting bundinna bankainnistæðna og fjárvörslu		(3.783.074)	(3.900.209)
Hlutdeild í eigin fé Húsfélags Alþýðuhússins		31.890	709.719
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	12	(1.928.455)	0
		(5.679.639)	(3.190.490)
Hækkun(lækkun) á handbæru fé		26.486.168	30.979.157
Handbært fé í ársbyrjun		240.748.549	209.769.392
Handbært fé í árslok		267.234.717	240.748.549

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1398 um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga félagsins frá árinu 2011. Starfsstöð félagsins er á Akureyri þar sem það rekur þjónustuskrifstofu fyrir félagsmenn.

1.1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Iðgjöld eru færð til tekna miðað við innsendar skilagreinar.

Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innbú	20%
Innréttingar og búnaður	20%-33,3%
Orlofsíbúðir og fasteign Skipagötu	2%
Orlofshús	5-10%

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Aðrar eignir

Eignarhluti í orlofsbyggðum er bókfærður sem hlutfall félagsins í eigin fé þeirra í árslok 2020.

Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna á grundvelli skilagreina sem félaginu berast frá launagreiðendum og útistandandi iðgjöld færð sem kröfur um áramót.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og bankainnstæðum, sem eru lausar innan þriggja mánaða.

Skýringar

	2020	2019
2. Aðrar tekjur í félagssjóði		
Innheimtubóknun frá sjúkrasjóði	12.624.087	13.659.023
Innheimtubóknun frá orlofssjóði	10.459.507	11.363.065
Innh.þóknun FVSA frá Starfsmenntasj. (skýring 14)	1.183.724	1.207.065
Aðrar tekjur	3.047.000	2.703.600
	<u>27.314.318</u>	<u>28.932.753</u>
3. Skattgreiðslur í félagssjóði		
Skattur til LÍV og ASÍ	9.787.209	9.907.944
Framlag v/ 1. maí	333.600	444.800
Mótframlag félagsins í Starfsmenntasj. (skýring 14)	6.021.081	6.315.715
	<u>16.141.890</u>	<u>16.668.459</u>
4. Laun og launatengd gjöld í félagssjóði		
Laun starfsmanna	35.326.306	32.283.082
Lífeyrissjóðsmótframlag	4.859.413	4.472.751
Tryggingagjald	2.717.055	2.572.676
	<u>42.902.774</u>	<u>39.328.509</u>
5. Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði		
Rekstur fasteigna:		
Rekstur Skipagata 14	853.756	1.312.919
Bílastæðagjald	173.040	216.300
	<u>1.026.796</u>	<u>1.529.219</u>
Orka- rekstrarvörur og félagsstarf:		
Rafmagn og hiti	60.715	63.764
Hreinlætisvörur og þrif	1.060.667	944.639
Bensín og bílakostnaður	1.524.476	1.272.501
Ráðstefnur, fundarhöld og kjarasamningar	8.936.628	8.738.880
Kaffi og starfsmannakostnaður	618.663	695.117
Kjörstjórn	371.823	0
Saga félagsins	2.990.711	1.125.315
Afmæli félagsins	3.128.891	0
Viðhald og rekstur áhalda og tækja	522.646	493.723
	<u>19.215.220</u>	<u>13.333.939</u>

Skýringar

	2020	2019
Stjórnunar og skrifstofukostnaður:		
Pappír, prentun og ritföng	145.507	263.874
Póstburðargjöld	168.855	401.418
Sími	1.322.432	1.048.307
Auglýsingar	1.387.245	1.557.137
Námskeið stjórnar og starfsfólks	3.860	722.174
Gjafir og gestamóttaka	167.855	179.085
Rekstur tölva og tölvunets	2.978.524	4.207.749
Rekstur Siglufjarðarskrifstofu	1.008.581	973.862
Blöð og bækur	184.047	136.262
Fréttablað og heimasíða	1.766.252	2.529.715
Þjónustugjöld, posaleiga og innheimtukostnaður	844.338	943.460
Kostnaður v/sérfræðiþjónustu	2.833.610	3.486.794
Skoðunarmenn	127.929	130.126
Kostnaður þinga	141.400	431.232
Lögfræðikostnaður	0	93.627
Kostnaður vegna kjarasamninga	0	1.247.987
Leikhúsferðir og sumarferð	0	230.992
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld	(301.530)	724.672
Ýmis kostnaður	335.655	406.263
	13.114.560	19.973.475
Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði samtals	33.356.576	34.836.633
6. Tillög og styrkir í félagssjóði		
Námskeið fyrir félagsmenn	(156.970)	1.641.089
Styrkir og styrktarlínur til félagasamtaka	3.655.000	659.000
Tillag í vinnudeilusjóð	3.000.000	3.000.000
	6.498.030	5.300.089
7. Dagpeningar og styrkir sjúkrasjóðs		
Sjúkradagpeningar	52.452.289	50.506.489
Dánarbætur	0	300.000
Sjúkraþjálfun og nudd	6.128.990	5.493.092
Niðurgreiðsla á líkamsrækt	10.756.027	14.386.925
Leitarstöð	615.874	941.259
Styrkir til félagsmanna	4.528.711	4.038.152
	74.481.891	75.665.917

Skýringar

	2020	2019	
8. Annar rekstrarkostnaður í sjúkrasjóði			
Viðhald og rekstur Skipagata 14	426.878	656.449	
Kostnaður sjúkrasjóðsfunda	823.963	1.097.310	
Sjúkraíbúð	1.406.000	1.351.800	
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld	(294.651)	707.233	
Læknisvottorð	24.190	20.200	
	2.386.380	3.832.992	
9. Annar rekstrarkostnaður í orlofssjóði			
Rekstur fasteigna:			
Húsgjöld íbúða	3.075.520	2.769.443	
Viðhald innbús	1.157.582	390.442	
Fasteinagjöld og tryggingar	1.677.214	1.528.939	
Orlofsstyrkir og niðurgreiðsla	2.769.601	4.212.066	
Rekstur og viðhald orlofshúsa og íbúða	20.807.483	19.638.331	
Leiga orlofshúsa	1.113.400	1.057.500	
	30.600.800	29.596.721	
Orka og rekstrarvörur:			
Rafmagn og hiti	239.146	264.974	
Annar kostnaður:			
Tengigjöld í orlofsíbúðum	777.719	847.116	
Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld	(73.661)	176.803	
	704.058	1.023.919	
Samtals annar rekstrarkostnaður í orlofssjóði	31.544.004	30.885.614	
10. Eignarhlutir í félögum			
	<u>Gengi</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>
Tækifæri ehf.	1,09	450.582	490.897
Alþýðuhúsið Akureyri			97.501
		450.582	588.398

Skýringar

11. Útistandandi iðgjöld

Útistandandi iðgjöld greinast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Útistandandi iðgjöld	24.752.488	25.697.888
Niðurfærsla	(4.840.098)	(5.982.025)
	19.912.390	19.715.863
Skipting á sjóði:		
Félagssjóður	8.950.213	9.575.114
Sjúkrasjóður	8.769.779	8.172.642
Orlofssjóður	2.192.398	1.968.107
	19.912.390	19.715.863

Niðurfærsla útistandandi iðgjalda er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum útistandandi iðgjöldum í efnahagsreikningi.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Félagssjóður		Sjúkrasjóður		Orlofssjóður		Samtals
	Fasteignir	Áh.og innr.	Fasteignir	Fasteignir	Áh.og innr.		
Heildarv.1/1	145.656.729	11.539.994	13.093.446	270.728.144	12.367.773	453.386.086	
Fjárfesting	0	647.607	0	0	1.280.848	1.928.455	
Heildarverð	145.656.729	12.187.601	13.093.446	270.728.144	13.648.621	455.314.541	
Afskrifað 1/1	18.046.232	7.691.335	5.712.660	114.610.357	11.093.571	157.154.155	
Afskriftir	2.913.135	1.525.058	261.868	7.045.457	389.321	12.134.839	
Afskrifað alls.....	20.959.367	9.216.393	5.974.528	121.655.814	11.482.892	169.288.994	
Bókfært verð ...	124.697.362	2.971.208	7.118.918	149.072.330	2.165.729	286.025.547	

Fasteignir eru metnar þannig í þús. króna:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Húseignin Skipagata 14	28.420	61.373	23.703
Orlofshús Illugastöðum	43.408	79.300	5.667
Orlofshús Vaglaskógi	50.650	78.880	28.356
Íbúðir í Mánatúni	333.000	286.120	223.162
Leigulóðin Mánatúni	46.100		
	501.578	505.673	280.889

Skýringar

13. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Félags- sjóður	Sjúkra- sjóður	Orlofs- sjóður	Vinnudeilu- sjóður	Samtals
Eigið fé 1/1	146.744.772	176.389.714	93.277.203	262.354.352	678.766.041
Endurmat eignarhluta í orlofsbyggðum			(144.649)		(144.649)
Hagnaður ársins	6.915.452	373.461	258.164	13.686.101	21.233.178
Eigið fé 31/12	153.660.224	176.763.175	93.390.718	276.040.453	699.854.570

14. Starfsmenntasjóðir

	2020	2019
Greiðslur frá launagreiðendum	23.685.157	25.168.952
Mótframlag FVSA	6.021.081	6.315.715
Samtals inngreiðslur	29.706.238	31.484.667
Innheimtupóknun FVSA	1.183.724	1.207.065
Upphæð styrkja til félaga FVSA	29.324.746	30.302.586

